



17. fundur stjórnar LH 2022-2024
24. janúar 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Edda Rún Ragnarsdóttir og Unnur Rún Sigurpálsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Valdimar Magnús Ólafsson og Sveinn Heiðar Jóhannesson

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir,

Forföll boðuðu: Randi Holaker, Gróa Baldvinsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Verkefnastaða í nefndum

Landsliðsnefnd

Menntadagur landsliðsins var haldinn 16. desember, þar sem knapar úr landsliðshópi héldu sýnikennslu, dagurinn var frábær en mæting áhorfenda var dræm og ljóst að dagsetningin var óheppileg. Sýningin kom þó út með nokkrum hagnaði. Næst verður menntadagurinn haldinn 30. nóvember, sem er vonandi betri dagsetning, og hugmyndin er að yngri hóparnir verði með stutta sýningu á sama degi.

Allra sterkustu verður líklega ekki haldið í vor, í það minnsta ekki nema með gjörbreyttu sniði. Stefnt er á að halda stóðhestaveltuna í mars og happdrætti sem verði alfarið á vegum U21 hópsins og ágóði þess rennur allur til yngri knapa sem fara á Norðurlandamót.

Mannvirkjanefnd

Verkefnið framundan er að fylgjast með framkvæmdum og taka út landsmótsstað.

Menntanefnd

Rafræn menntaráðstefna menntanefndar LH var haldin nú í janúar á fimm kvöldum, fjórir fyrirlestrar og endað á pallborðsumræðum. . Meginþema ráðstefnunnar var SLO umræðan og dýravelferð. Fyrirlesarar voru:

Michael Weishaupt prófessor við UZH– SLO og hvernig rannsóknir geta haft áhrif á orðræðuna
Marle Rhodin prófessor við SLU– rannsóknir á heilsufari hrossa og nýjar aðferðir við greiningu á holti

Guðrún Stefánsdóttir dósent við Háskólann á Hólum – áhrif þyngdar knapa á hesta

Sveinn Ragnarsson prófessor við Háskólann á Hólum – áhrif hesta og fólks og öfugt og samskipti hesta og fólks

Ráðstefnan var vel heppnuð og sóttu á fjórða hundrað manns ráðstefnuna.



Dómaranefnd

Fræðsluhópur dómaranefndar skipa Guðni og Hinrik frá LH, Valdimar Ólafsson frá GDLH og Sigríður Pjetursdóttir frá HÍDÍ. Fræðsluhópnum er ætlað að standa fyrir sameiginlegri viðbótarsímenntun fyrir dómara. Á planinu fram á vor er fyrirlestur Susanne Braun um hvernig skuli framkvæma búnaðarskoðun, fyrirlestur frá dómara úr dressúrhestamennsku um hvaða áskoranir þeir eru að takast á við og fyrirlestur um að þekkja stresseinkenni hesta (conflict markers), Janne Winther Christiansen.

Reiðveganefnd

Til úthlutunar á árinu 2023 voru 84 milljónir. Samkvæmt gildandi samgönguáætlun fyrir árið 2024 eru 75 millj. til úthlutunar á þessu ári, en í samgönguáætlun 2024 til 2030 sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 100 millj. til úthlutunar árlega frá og með 2024.

Tölvunefnd

Birting á mótaniðurstöðum í Horseday-appinu verður keyrð á lokuðum prufuaðgangi á fyrsta kvöldi Meistaradeildar 25. jan þar sem tölvunefndarfolk mun testa appið. Stefnt er á að mótahlutinn verði á opnum aðgangi fyrir almenning í Horseday-appinu frá 8. febrúar, á öðru kvöldi Meistaradeildar. Björk Guðbjörnsdóttir hefur sagt sig úr tölvunefnd.

Öryggisnefnd

Myndband um öryggi reiðtygja með Guðmundi söðlasmiði hjá Baldvin og Þorvaldi er komið í birtingu. Myndbandið hefur fengið mikla útbreiðslu á samfélagsmiðlum og vakið lukku. Greinilegt er að eftirspurn er eftir efni um öryggismál.

Verið er að vinna að næsta myndband um öryggisbúnað knapa og tvö önnur á teikniborðinu. Viðræður standa yfir við tryggingafélag um að styrkja framleiðslu á öryggismyndböndunum.

Útbreiðslunefnd

Nefndin hefur til umfjöllunar hugmyndir um nýstárlegar keppnisgreinar til dæmis á Allra sterkustu. Það gæti verið brokkappreiðar, Trec-æfingar, mjólkurtölt ofl.

3. FEIF-þing 2024

FEIF þing verður haldið í Luxemburg 2. til 4. febrúar. Lagt er til að fyrir hönd LH fari á þingið formaður, varaformaður, afreks- og mótastjóri og framkvæmdastjóri. Áhersla er á velferðarmál í dagskrá þingsins. Keppnisnefnd LH er með til umfjöllunar breytingartillögur við keppnisreglur sem liggja fyrir þinginu og muni skila stjórn álitinu sínu fyrir þingið.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Skipun formanns keppnisnefndar

Þegar formaður keppnisnefndar, Einar Gíslason, sagði sig úr nefndinni í lok sumars, kom nefndin sér saman um að Sigurður Ævarsson yrði starfandi formaður þar sem stjórn hefur ekki tilnefnt nýjan formann. Lagt er til að Sigurður Ævarsson verði skipaður formaður keppnisnefndar fram að Landsþingi.

Afgreiðsla: Samþykkt.



5. Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands

Engar umsóknir hafa borist um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna og Áhugamannamót Íslands. Keppnisknapar hafa viðrað óánægju með dagsetningu Íslandsmóts sem sett var í lok ágúst. Boðað var til fundar með keppnisnefnd og nokkrum landsliðsknöpum til að fá fram álit þeirra á hvaða kostir væru í stöðunni. Almenn álit fundarmanna var að fjórða helgin í júlí væri skásta tímasetning fyrir Íslandsmót.

Afgreiðsla: Samþykkt að færa dagsetningu Íslandsmóts á fjórðu helgina í júlí og auglýsa á ný eftir umsóknum um að halda mótið.

6. Úthlutun Afrekssjóðs 2024

Framkvæmdastjórn ÍSí samþykkti á fundi sínum þann 18. janúar 2024 úthlutun úr Afrekssjóði ÍSí vegna verkefna ársins 2024 til Landssambands hestamannafélaga að upphæð kr. 9.338.000.

Afgreiðsla: Til bókunar.

Unnur kemur inn á fund

7. Fundarferð stjórnar um landið

Samþykkt að fara í fundarferð og hitta stjórnir hestamannafélaganna. Formaður mætir á alla fundi og aðrir stjórnarmenn skipta fundunum á milli sín. Fundir verða á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Vesturlandi, Höfuðborgarsvæði og Austurlandi.

Afgreiðsla: Skrifstofu og formanni falið að skipuleggja fundina.

Ólafur vikur af fundi.

8. Fundaskipulag stjórnar fram á vor

Framkvæmdastjóra falið að skipuleggja fasta mánaðarlega fundi, eitt miðvikudagskvöld í mánuði.

9. Önnur mál

- Ensk þýðing á reglum um gæðingakeppni hefur verið birt á vef LH – til bókunar
Skrifstofu falið að birta fréttatilkynningu um þýðinguna og ört vaxandi vinsældir gæðingakeppni erlendis.
- Landsþing í Borgarnesi 25.-26. október 2024
Skrifstofu falið að birta fréttatilkynningu um dagsetningu og staðsetningu landsþings.
- Stofnun sjóðs til styrktar hestaípróttum fatlaðra og barnastarfs.
Formaður kynnti hugmyndir um almenna fjáröflun til stofnunar styrktarsjóðs fyrir hestaípróttir fatlaðra og fyrir börn sem ekki hafa aðgang að hestum. Sjóðurinn er hugsaður fyrir Hestamannafélög til að sækja um styrk til að auka aðgengi barna og fatlaðra að hestaípróttum.

Fundi slitið kl. 20:30